

Stjórnarfundur í Geðhjálp 05.10.17

Mættir: Hrannar, Halldóra, Garðar Sölvi, Sylviane, Ragnheiður, Anna Gunnhildur, Bergþór, Þórður, Kári, Sveinn Rúnar og Einar.

1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (RÖSP).
Allir samþykki.
2. Afmælisnefnd Geðhjálpar fyrir árið 2019 (HJ).
Samþykkt að skipa afmælisnefnd undir forystu Sylviane fyrir 40 ára afmæli Geðhjálpar árið 2019. Aðrir í nefndinni eru Halldóra, Þórður, Anna Gunnhildur og Sveinn Rúnar.

Fram komu eftirfarandi hugmyndir um hvernig halda mætti upp á afmælið:

- Taka sama sögu Geðhjálpar.
- Hafa samband við stofnendur Geðhjálpar, taka viðtöl við þá.
- Sjá hvort gömul gögn eru til.
- Halda sýningu með plagötum og öðru.
- Gera heimildarmynd um Geðhjálp, nota hana jafnvel í fjáröflunarskyni.

3. Framhalds umræða frá stefnumótunarfundi um framkvæmdaáætlun um þvingun í geðheilbrigðisþjónustu (HJ)
Hrannar telur skýrslu Sameinuðu þjóðanna um geðheilbrigðisþjónustu í nútíð og framtíð baráttutæki og hefur áhuga á að bjóða samtökum eins og ÖBÍ, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Amnesty International, Samtökunum 78 og öðrum mannréttindasamtökum að vera með kynningarfundum um skýrsluna og fá þau til liðs við okkur þannig. Fara svo í kynningarherferð með þessum samtökum í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla í kjölfarið. Hafa þannig áhrif á stjórnámálamenn.

Ýmsar hugmyndir komu fram um hvernig væri best að kynna skýrsluna og hvenær.

Samþykkt var að halda aukafund um hana þegar endanleg þýðing lægi fyrir.

4. Vinnustofa um þvinganir á spítalanum þann 7. desember eftir hádegi (HJ).
Samþykkt var að taka þátt í vinnustofunni (6 með, 4 á móti).

Athugasemd kom um valdahlutfall fulltrúa fagfólks og notenda í vinnusmiðjunni.

Anna Gunnhildur sagði að ef fleiri athugasemdir kæmu fram um skilgreininguna, valdahlutfall, staðsetningu eða annað, þá ætti að láta vita af því svo hún gæti komið því til skila til Jóns Snorrasonar sem heldur utan um vinnustofuna.

Talað um að taka upp á næsta fundi hvernig stjórnin vildi hafa atkvæðagreiðslum (hvað varðar varamenn) þegar ósamræmi væri til staðar.

5. Framboð til formanns ÖBÍ á aðalfundi. Fulltrúar Geðhjálpar á fundinum (HJ).

Fulltrúar Geðhjálpar ætla að mæta á fundinn 20. og 21. október. Bergþór leysir Hrannar hugsanlega af seinni daginn.

6. Viðburðir, útgáfa framunda (HJ).

Anna Gunnhildur sagði stuttlega frá innihaldi Geðhjálparblaðsins 7. október.

Morgunfundur Geðhjálpar og VIRK verður haldinn á Alþjóða geðheilbrigðisdaginn 10. október.

Hátíðardagskrá á Alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum verður haldin í Tjarnarbíó sama dag.

Barnageðheilbrigðisráðstefnan Börnin okkar! verður haldin 17. okt.

Ríflega 200 manns hafa skráð sig bæði á morgunfundinn og barnageðheilbrigðisráðstefnuna.

Aðalfundur ÖBÍ fer fram dagana 20. og 21. okt.

7. Önnur mál:

Anna Gunnhildur kynnti svar Sjúkrahúsins á Akureyri við erindi Geðhjálpar um móttöku notenda undir áhrifum.

Þórður sagði stuttlega frá hugmyndum Samráðshóps geðúrræðanna um Pub quiz milli félaga/úrræða í húsakynnum Geðhjálpar þann 7. desember.

Fundi slitið 19:45